

Mál nr. 433/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

- Málskot móttakið 20. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
- Athugasemdir V, dags. 11. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. desember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur að fyrirliggjandi myndband í málinu sýni ótvírætt fram á að tjón hafi orðið á bifreiðinni A þann 12. júní 2025 þegar hurð á bifreiðinni B hafi rekist utan í hurð á A. Tjónið á A verði því rakið til notkunar B. M telur sig því eiga rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Í athugasemdum V, dags. 11. desember 2025, er því hafnað að sannað sé að tjón á A verði rakið til notkunar B í skilningi 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Í því sambandi bendir V m.a. á að snertingin milli bifreiðanna hafi verið minniháttar og því telji V að myndbandið sýni ekki fram á að sýnilega tjónið á hurð A verði rakið til notkunar B. Það sé M að sanna að sú sé raunin, nokkuð sem V telur ekki að fyrirliggjandi gögn (myndband) sýni fram á. V hafnar því að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 17. desember 2025, er m.a. bent á að það sjáist á myndbandinu að hurðin á B hafi rekist þrisvar sinnum á sama punktinn á hurð A.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B hjá V lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt hafi verið fram á að tjón á A megi rekja til notkunar B. Hér hvílir sönnunarbyrðin á M. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M hafi tekist sú sönnun. Í því sambandi bendir nefndin á að það kemur greinilega fram á fyrirliggjandi myndbandi að hurðin á B rekst þrisvar sinnum utan í hurðina á A. Telur nefndin að þó svo að vissulega virðist af myndbandinu að ekki sé um harkalega snertingu að ræða, þá sé hægt að miða við það að hún hafi engu að síður dugað til að valda umþrættu tjóni enda leikur engin vafi á um að hurðin á B rakst utan í hurðina á A.

Niðurstaða.

Það telst sannað að tjónið á bifreiðinni A verður rakið til notkunar bifreiðarinnar B.

Reykjavík, 13. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildgunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir